



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Sími 5806300, Símbréf 5806301, www.veidimal.is

Árleyri 22, 112 Reykjavík

Alþingi
Nefndasvið
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík 13. janúar 2015

Umsögn um frumvarp til laga um Haf- og vatnarannsóknir (mál 391, þingskjal 529) og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar (mál 392, þingskjal 530).

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Veiðimálastofnunar um frumvarp um Haf- og vatnarannsóknir og nauðsynlegar breytingar á öðrum lögum vegna sameiningar Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar í nýja stofnun Haf- og vatnarannsóknir.

Frumvörpin hafa verið kynnt starfsfólki þessara stofnana og gert er ráð fyrir að ný stofnun taki yfir hlutverk þessara tveggja stofnana. Eins og eðlilegt er hefur starfsfólk misjafnar skoðanir á sameiningunni. Oft er fólk hrætt við breytingar sem ekki er ljóst hvað þýði fyrir það. Flestir eru samt sammála að ef sameining eigi að verða þá sé mikilvægt að ný stofnun taki við hlutverki hinna tveggja og hægt verði með víðtækri stefnumótun að skipuleggja starfið á ný. Þetta er sérlega mikilvægt þar sem fyrrnefndar stofnanirnar eru misstórar. Vel þarf að huga að því að málefni minni stofnunarinnar fái einnig eðlilegan sess innan nýrrar stofnunar.

Eins og greining á starfi þessara stofnana leiddi í ljós og birtist í skýrslu ParX árið 2010 er nánast engin skörun í starfi þessara tveggja stofnana sem eru samt náskyldar faglega. Hafrannsóknastofnun rannsakar umhverfi og lífríki sjávar og gefur ráðgjöf til stjórnvalda um hvernig nýtingu fiskistofna sé best háttáð á meðan Veiðimálastofnun hefur svipað hlutverk í ám og vötnum og gefur veiðifélögum og stjórnvöldum ráð um hvernig nýtingu á stofnum laxfiska sé best háttáð.

Nokkur samlegð er sýnileg ef þessar stofnanir eru sameinaðar einkum í stoðþjónustu þ.e. bókhaldi og skrifstofuhaldi, starfsmannahaldi, tölvumálum, gagnagrunnmálum og svo framvegis. Að auki er meiri faglegur styrkur fólgin í stærri stofnun þar sem margir sérfræðingar geta lagt saman og ákveðin deigla getur myndast þegar tveir vinnustaðir sameinast. Sameiningar eru engu síður vandasamar og það tekur tíma að endurskipuleggja starfið og fá starfsemina til virka sem best, skapa góðan vinnuanda og yfirvinna menningarmun sem vera kann á ólíkum stofnunum. Sameining kostar því fjármuni til að byrja með, bæði í beinum kostnaði eins og til dæmis flutningum og svo í tíma starfsfólks við stefnumótun og við endurskipulag starfseminnar. Þá er áhætta fólgin í því að við slíkar breytingar ákveði einhverjir starfsmenn að breyta til og hætta, sem getur þýtt að mikilvæg þekking tapist. Rétt er að minna á að báðar stofnanirnar hafa mátt þola verulegan samdrátt í fjárstuðningi frá hinu opinbera í þeim efnahagshremmingum sem að Ísland hefur gengið í gegnum. Sá samdráttur hefur torvelað stofnunum að sinna starfi sínu.

Skipulag rannsókna á Íslandi er að stofni til gamalt og löngu tímabært að endurskoða það skipulag líkt og annað skipulag á starfsemi ríkisins. Enn hefur ekki birst heildarsýn á hvernig stjórnvöld vilji skipuleggja starfsemi ríkisins eða einstaka hluta hennar. Ef litið er á náttúrfarsrannsóknir og rannsóknir á nýtingu lifandi auðlinda þá hefur Hafrannsóknastofnun séð um þetta hlutverk í sjó, Veiðimálastofnun í ám og vötnum og Náttúrufræðistofnun á landi, en auk þess eru fleiri stofnanir til kallaðar, sér í lagi á landi, þar sem Skógræktin og Landgræðsla koma að málum. Á þeim stofnunum er einnig að finna stjórnsýslu, framkvæmdir og landvörslu. Háskólar koma svo einnig að rannsóknum á náttúru landsins. Þá eru ónefndar náttúrustofur og setur víða um land. Á Veðurstofu eru mælingar á rennsli vatna og ýmsar eðlisfræðilegar mælingar á vötnum sem áður voru hjá vatnamælingum Orkustofnunar. Margar sviðsmyndir er hægt að setja upp um hvernig skipulag á að vera á þessum rannsóknum. Heildarmyndin hefur ekki verið birt en sú tillaga sem hér er til umfjöllunar gæti verið hluti hennar. Til skoðunar eru nú einnig sameiningar á stofnunum Umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Ein stofnun þar á hins vegar mikla samleið með þeim tveimur sem sameina á í þessu frumvarpi. Það er Náttúrufræðistofnunin við Mývatn (Ramý). Sú stofnun er lítil en fæst við rannsóknir á lífríki í vatni líkt og Veiðimálastofnun en rannsóknir Ramý eru bundnar við Mývatns og Laxár en Veiðimálastofnun kemur einnig að þeim rannsóknum í samvinnu við Ramý.

Sé litið til einstakra þátta frumvarpsins um Haf- og vatnarannsóknir þá er eðlilegt og mjög mikilvægt að forstjóri þessarar stofnunar hafi góða þekkingu á þeim auðlindum sem undir

eru og eru þjóðinni ákaflega dýrmætar. Hlutverk nýrrar stofnunnar spannar núverandi hlutverk bæði Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunar. Þar er einnig leiðarljósið að nýting sé ávalt sjálfbær og að dýrmæt vistkerfi eða svæði njóti nauðsynlegrar verndunar. Sérstök grein fjallar um samstarf við háskóla sem starfa sem er mjög mikilvægt. Brýnt er að miðla af þeirri þekkingu sem er á stofnuninni til háskólanema, að fá efnilega nema til þátttöku í rannsóknaverkefnum og um leið er unnt að tryggja nýliðun sérfræðinga hjá stofnuninni. Auðlindir hafsins og vatnsins eru mjög miklar í kringum landið og á Íslandi. Ísland getur verið í fararbroddi í rannsóknum á þeim auðlindum og nýtingu þeirra. Þannig er hægt að laða hingað í enn ríkari mæli öflugt rannsóknarfólk, gott námsfólk og fjármagn til rannsókna. Til þess þarf ný stofnun og háskólar landsins að leggjast á eitt.

Sameining stofnana er vandasamt verk og mjög mikilvægt að vel takist til hjá Haf- og vatnarannsóknnum þar sem hin nýja stofnun gegnir afar mikilvægu hlutverki. Taka verður undir áhyggjur starfsfólks og stéttarfélaganna þeirra og eyða óvissu er lítur að réttindum starfsfólks í bráðabirgðakafla frumvarpsins. Ærin starfi er að sameina stofnanirnar og fá úr því hagfellda niðurstöðu. Þar gegnir starfsfólkið lykilhlutverki og mikilvægt að það sé ánægt í starfi og með kjör sín. Einnig skiptir miklu máli að húsnæði, tækjabúnaður og aðbúnaður allur sé eins og best verður á kosið.

Frumvarpið um breytingar á ýmsum lögum sem breyta þarf vegna sameiningarnar innfela í sér eðlilegar breytingar.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðjónsson, forstjóri